



GRJÓTKAST ÚR GLERHÚSI

Þegar Íslendingar áttu í fyrri þorskastríðinu við Bretu voru varðskipin íslensku sjó talsins og á ársafmæli út- færsunnar í 12 millur var lagður kjölurinn að Óðni, sem enn er í þjónustu gæslunnar. Sú aukning varðskipaflotans var því gerð að frumkvæði þá- verandi vinstri stjórnar.


Viðreisnin ríkti síðan í 12 ár og gerði ekkert til þess að efla landhelgisgæsluna. Þvert á móti var dregið úr skipakosti gæslunnar. Í lok viðreisnar- tímans voru varðskipin tveimur færri en við upphaf tímabilsins. Þá var það afrek unnið á valdatíma viðreisnar- innar að gæsluvélin Sif, sem sérstaklega var útbúin fyrir gæsluna, var seld. Í stað hennar voru keyptir tveir flugbátar frá Bandaríkjunum sem reyndust þegar til átti að taka ónytir. Þá er að geta þess, sem skást var gert: lagður var kjölur að Ægi nýja og hann kom til landsins 1968, enda var Ægir gamli ónot- hæfur orðinn.

Þess verður að geta þegar

rakin eru afrek viðreisnar- innar að Þór var allan hennar valdatíma ónothæfur þar sem vélar hans voru ekki við hæfi. Eftir að viðreisnarstjórnin lét af völdum — fyrir aðeins líðlega tveimur árum — hefur hins vegar ýmislegt gerst í málefnum landhelgis- gæslunnar.

Settar hafa verið nýjar vélar í Þór þannig að hann er nú loks nothæfur, keypt hefur verið Fokkervél til gæslu- starfa, í vetur verða tvö hval- skip í gæsluflotanum, samið hefur verið um kaup og smíði á nýju varðskipi.

Þetta er ríftað upp hér vegna sjónvarpsþáttar í fyrirkvöld þegar stjórnarand- stæðingar réðust á ríkis- stjórnina fyrir slakan búnað gæslunnar. Þar var kastað grjóti úr glerhúsi. Hitt skal þjóðviljinn enn leggja áherslu á að efla þarf landhelgis- gæsluna að miklum mun — en viðreisnarherrarnir hafa ekki efni á því að taka undir slíkar kröfur hvað þá heldur meira.



Listaverk á Haustsýningu

Haustsýning Félags Ísl. mynd- listarmanna verður opnuð á laugardag. Í gær voru listamenn að færa listaverk sín til

skráningar hjá sýningarstjórn- inni. Við borðið sitja list- málarnir Magnús A. Arnason og Svavar Guðnason. Fyrir þá

ganga tveir aðrir listamenn með verk sín, þeir Jóhannes Guðmundsson (t.h.) og Snorri Halldórsson (t.v.) (ljósm. A.K.)

Rætt um afnám innflutningshafta

Austur í Japan var á dög- unum haldinn 3 daga fund- ur GATT, alþjóða tolla- samkomulagsins, og var rætt um viðskipta- og gjaldeyrismál. 98 lönd sendu fulltrúa á fundinn, og fóru þangað tveir Ís- lendingar, þeir Þórhallur Asgeirsson ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson sendiherra.

Þessi GATT-fundur kom sér saman um sameiginlega yfirlýs- ingu, sem væntanlegar viðræður

aðildarlanda GATT-samkomu- lagsins snúast um. Í yfirlýsing- unni segir að ekki skuli tollalækk- anir ná einvörðungu til iðnaðar- vara eins og nú er, heldur og til landbúnaðarvara, en til þeirra heyrja sjávarafurðir, að ekki beri einvörðungu að lækka tolla milli GATT-landanna, heldur og inn- flutningshöft ýmis konar.

Samningafundur um þessi atriði hefjast haust og gert er ráð fyrir, að viðræður geti tekið allt að tvö ár.

Í næstu viku fara tveir Íslen- dingar á GATT-fund suður til Ken- ýa, þeir Jóhannes Nordal og Lúð- vík Jóseppson, en þar verður rætt um endurskipulagningu peninga- kerfisins. Sagði ráðherra að Ís- lendingum væri mikil nauðsyn á að fylgjast með þróun peninga- mála, þar sem viðskiptum okkar væri svo háttáð, að við seldum stærstan hluta utflutnings okkar til dollarasvæðisins, og fengjum greitt í fallandi dollurum, en keyptum hins vegar mestan part af vörum frá svæðum þar sem önnur mynt þyrfti að koma sem greiðsla en dollarar, svo sem sí- hækandi v-þýsk mörk og jap- önsk jen. —úþ

HAUSTMÓT TR

Haustmót Taflfélags Reykja- víkur hefst sunnudaginn 30. september, og verður teft í fé- lagsheimilinu að Grensásvegi 46.

Að þessu sinni verður teft í þremur styrkleikaflokkum. Meistaraflokkur og fyrsti flokkur verða saman, en aðrir eins og flokkaskipunin gefur til kynna. Teft verður á sunnudögum, þriðjudögum og fimmtudögum.

Enn er veitt viðnám í Chile

Herinn hótar nú borgarastyrjöld

SANTIAGO 19/9 (Fregnitari NTB, Hans Kristoffersen, símar m.a. þetta frá Chile)

Það hafa verið einangraðir skotbardagar á götum Santiago í nótt er leið, en svo virðist sem herforingjastjórnin ráði lögum og lofum í landinu. Við saum um- merki eftir nýleg átök þegar við ókum um borgina í dag. Svipaðir atburðir eru sagðir hafa átt sér stað í fyrrinótt í orlofsbænum Vinja del Mar þar sem Allende var grafinn.

Við komum um 90 fréttamenn í leiguflugvél frá Buenos Aires um miðja nótt — það er fyrsta far- þegavélin sem fær lendarleyfi eftir valdaránið — en okkur var stranglega bannað að fara út

fyrir hússins dyr fyrr en klukkan 7 í morgun, og eru þetta almennar reglur.

Við á borginni er að sjá vegs- ummerki bardaga. Hermenn með hjálma og vopnaðir lögregluþjón- ar eru hvatna á verði og ganga um götur eða þá aka í vörubílum þar sem vélbyssum er komið fyrir á þakinu.

Margt fólk er á ferli í vorblö- unni, ekki sist á torginu fyrir framan forsetahöllina. Við kom- umst ekki alveg að henni, en hún virðist geyrðilögð eftir loftárásir og stórskotaliðsáhlauk.

Jafnvel á hótelinu okkar, Car- aga, eru mörg herbergi óíbúðar- hæf með brotnar rúður og kúlugöt í veggjum.

Erfitt er að gíska á það, hvað margir hafi fallið þegar átökin stóðu sem hæst. Herforingja- stjórnin segir að 95 hafi fallið og 4.700 verið teknir til fanga. Kommúnistar tala um að 75 þús- und manns hafi verið murkaðir niður, flestir í verkamanna- og fátækrahverfum borgarinnar, þar sem stuðningsmenn Allende var fyrst og fremst að finna.

Fólk stóð í löngum bíðröðum

eftir brauði, og ríkir skortur á mörgum nauðsynjum.

Pinochet yfirmaður herforingja- anna sem nú ráða ríkjum í Chile segir herinn tilbúinn til að heyja borgarastyrjöld til varnar völd- um sínum ef þörf krefði. Hann kvað stuðningsmenn Allende vera að koma upp skæruliðahópum.

Blaðberar

Óskast

nú þegar í eftirtalin hverfi:

Breiðholt
Teiga

Laugarnes

Múlahverfi

Háteigsveg

Grunna

Hjarðarhaga

Hringbraut

Hverfisgötu

Nökkvavog

Rauðalæk

afgreiðslu Þjóðviljans
í sínum

17500 eða 17512.

Kaupa Japanir loðnu af okkur fyrir meira en miljarð næsta ár?

Viðskiptaráðherra, Lúðvík Jóseppson, sagði á blaða- mannafundum í gær, að Japanir hefðu nú sent fyrirspurn um það hingað hvort þeir gætu fengið heðan þrefalt meira magn af lönu af næstu löðnu- vertíð en þeir fengu á síðasta ári, en þá keyptu þeir 16 þús- und tonn af frystri löðnu fyrir 550 milljónir króna. Hafa Jap- anir nefnt verð, sem er eitt-

hvað herra en það sem þeir greiddu fyrir löðnuna í fyrri. Ráðherra sagði, að spurn- ingin væri sú hvað við gætum framleitt mikið af frystri löðnu, þar sem á löðnuvertíð- inni væri stærsti hluti frysti- húsanna upptekinn við annars konar frystingu. Þó sagði ráð- herra að frystihúsin væru betur í stakkinn búin með að sinna löðnufrystingu á kom-

andi vertíð en þau hefðu verið í fyrri, þar sem mikið hefði verið unnið að uppbyggingu frystiðnaðarins síðan þá.

Þá skýrði ráðherra frá því að í undirbúningi væri frekari sala á fiskafurðum til Japan, og var þar nefndur frystur karfi. Japanir eru miklar fisk- ætur en hafa stóreytt mörgum fiskimiðum sínum vegna hin- nar gifulegu mengunar sem fylgir háróðum iðnaði, og má því fastlega búast við að þeir muni á næstu árum enn auka viðskipti sín við okkur. —úþ

Jørgensen

endurkjörinn

KAUPMANNAHÖFN 19/9 — Á þingi danskra jafnaðarmanna var Anker Jørgensen forsætisráð- herra endurkjörinn formaður flokksins. Sagði Anker við það tækifæri að halda bæri fram stefnu flokksins við að efla vel- ferðarþjóðfélagið, stýra því í lýð- ræðislega átt og sjá til þess að lýðræði ríkti líka innan flokksins.